

**Nd.**

**412. Breytingartillögur**

[52. mál]

við frv. til ættleiðingarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum, sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita manni, sem er orðinn tvítugur, leyfi til ættleiðingar.

2. Við 15. gr. 3. mgr. orðist svo:

Kjörbarn kennir sig til kjörforeldra, nema kjörforeldrar óski eftir því, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Þó getur kjörbarn, sem náð hefur 12 ára aldri, ráðið því sjálf, hvort það haldi kenningarnafni sínu eða taki upp kenningarnafn annars kjörforeldris. Tilkynna skal presti um ættleiðingu barns og nafnbreytingu til færslu í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.